

Einnig greiði hann stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 450.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. maí 1981.

Nr. 31/1980. **Ákærvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þráni Hleinari Kristjánssyni
(Örn Clausen hrl.).

Manndráp. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Með bréfi ríkissaksóknara 2. júní 1980 var málið sent Læknaráði og æstkt umsagnar þess um, hvort það féllist á niðurstöðu álitsgerðar Ásgeirs Karlssonar geðlæknis frá 11. júní 1979 um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Í ályktun Læknaráðs 16. desember 1980 segir svo:

„Læknaráð fellst á niðurstöðu álitsgerðar Ásgeirs Karlssonar, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, en vekur jafnframt athygli á því, sem fram kemur í rannsókn Ásgeirs um starfhæfni greindar ákærða, sem talin er mjög lök.“

Verður ályktunin lögð til grundvallar um sakhæfi ákærða.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 komi gæsluvarðhald ákærða frá 2.

apríl 1979 refsingu hans til frádráttar, en frá þeim degi hefur ákærði óslitið sætt gæsluvarðhaldi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs 5.000.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að gæsluvarðhald ákærða, Práins Hleinars Kristjánssonar, frá 2. apríl 1979 komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 5.000.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Með skírskotun til þess, sem segir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda um ályktun Læknaráðs 16. desember 1980, er ég sammála þeim um sakhæfi ákærða.

Ég tel, að fallast beri á ákvæði forsendna héraðsdóms um sakarmat, verknaðarlýsingu, ásetning og tilvísun til þar greindra ákvæða almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en refsingu ákærða tel ég hæfilega ákveðna 14 ára fangelsi.

Við flutning varnar fyrir ákærða fyrir Hæstarétti gerði verjandi hans, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, kröfu um málsvarnarlaun, „einnig vegna réttargæslu, meðan meðferð málsins og rannsókn fyrir héraðsdómi stóð yfir“. Ég tel, að fallast beri á kröfu verjandans, og tel því, að hækka beri málsvarnarlaun í héraði, að meðtöldum launum fyrir réttargæslu, í 4.000.00 krónur. Að öðru leyti tel ég, að staðfesta beri málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að gæsluvarðhald ákærða frá 2. apríl 1979 eigi að koma refsingu hans til frádráttar, og einnig ákvæði um áfrýjunarkostnað, þ. m. t. því, að tekið sé tillit til réttargæslustarfa verjandans, enda hefur ákærði einnig setið í gæsluvarðhaldi eftir uppkvaðningu héraðsdóms.

Samkvæmt því yrði

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þráinn Hleinar Kristjánsson, sæti fangelsi 14 ár. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. apríl 1979.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar í héraði, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur, þar með talin þóknun fyrir réttargæslu.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 5.000.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. október 1979.

Ár 1979, mánudaginn 15. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 389/1979: Ákærvaldið gegn Þráni Hleinari Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 5. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, dags. 8. ágúst sl., gegn Þráni Hleinari Kristjánssyni verkamanni, Hverfisgötu 34, nú gæslufanga, fæddum 23. febrúar 1943 í Reykjavík, „fyrir að hafa, síðdegis sunnudaginn 1. apríl 1979, svipt Svavar Sigurðsson, til heimilis að Hverfisgötu 34 í Reykjavík, lífi í íbúð þeirri, er Svavar bjó í á efstu hæð í því húsi, með því að stinga hann

með hnífi stungusár í síðu og veita honum síðan með hnífnum skurði á maga og brjóst og að síðustu tvo skurði á háls.

Verknaður ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

I. Sunnudaginn 1. apríl sl., kl. 2156, kom í lögreglustöðina við Tryggvagötu Hákon Elías Kristjánsson trésmiður, Meistaravöllum 31, og skýrði frá því, að ákærði hefði hringt til hans og sagst hafa drepið mann í húsinu Hverfisgötu 34 þá um daginn. Lögreglumenn fóru þegar að húsi þessu og kvöddu dyra. Ákærði kom til dyra og hleypti þeim inn, og fóru þeir með honum í íbúð hans á 3. hæð. Þar voru fyrir auk ákærða tvær konur, Lóa Fanney Valdimarsdóttir og Margrét Hermannsdóttir. Er lögreglumennirnir greindu frá erindi sínu og óskuðu eftir að fá að leita í húsinu, þar sem grunur væri á, að ákærði hefði orðið mannsbani þá um daginn, afhenti Lóa Fanney þeim eftir nokkur orðaskipti lykil að íbúð sinni, sem er á sömu hæð hússins. Við athugun kom í ljós, að í eldhúsi í íbúð þessari lá maður örendur í blóði sínu, og var hér um að ræða Svavar Sigurðsson strætisvagnstjóra, sambýlismann Lóu Fanneyjar. Á líkinu voru stórfelldir áverkar, og við hlið líksins stóð eldhúshnífur á oddi í gólfinu. Ákærði lýsti yfir því fyrir lögreglumönnum, að hann hefði orðið Svavari að bana, og ummæli kvennanna fyrir lögreglumönnum voru á sömu leið.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um atburðinn, og hófu starfsmenn hennar rannsókn málsins þegar um kvöldið. Í málinu liggja fyrir skýrslur þeirra um gagngerða rannsókn á vettvangi svo og myndir. Svo sem áður segir, var lík Svavars Sigurðssonar í eldhúsi íbúðar hans og lá þar á gólfinu í blóðtjörn, og blóð var víða í eldhúsinu. Á handlaug í snyrtiherbergi voru blóðslettur. Í forstofu að íbúð ákærða fannst armbandsúr ofan á varhúsi á rafmagnstöflu, sem þar er, og reyndist blóð á ólinni. Blóðblettur var í laki á svefnsófa í stofunni og einnig á glasi, sem stóð á borðinu. Á eldhúsgólfinu voru greinilegir blóðblettir. Í skúffu í eldhúsinu fannst stuttermá skyrtubolur, og voru í honum blóðblettir. Í forstofu voru tveir plastpokar, er í var snyrtilega samanbrotinn fatnaður. Þar á meðal voru vinnubuxur, sem blóðblettir reyndust vera í.

Á gólfi í gangi framan við íbúðirnar reyndust blóðklessur og blóðstroka á stigahandriði.

Hnífur sá, sem fannst í eldhúsinu hjá líkinu, er 28 sm að lengd og blaðið 14.5 sm.

Rannsóknarlögreglan gerði myndröð, er sýnir, hvernig ákærði vann á Svavari og næsta aðdraganda verksins, eftir því sem ákærði lýsti atvikum, og á sama hátt var önnur myndröð gerð, er sýnir hvernig Lóa Fanney Valdimarsdóttir greinir frá aðdraganda verksins. Framburði ákærða og Lóu Fanneyjar verður lýst síðar.

Lík Svavars Sigurðssonar var krufið 2. apríl í Rannsóknastofu Háskólans af Bjarka Magnússyni lækni. Í skýrslu hans er áverkum á líkinu lýst þannig:

„ . . . Búkur er mjög blóðugur svo og handleggir, háls og höfuð. Á hálsi vinstra megin, þ. e. frá miðju, er 11.5 cm langt sár, sem gapir þannig, að það er um 3 cm, þar sem það er breiðast. Sárið er mjög djúpt og nær alveg aftur í hálshryggjarliði. Grunnur skurður er rétt neðan við þennan, og mælist sá 12 cm að lengd og nær lítið eitt yfir miðlínu yfir til hægri. Vinstra megin á brjósti er bogadreginn skurður 14 cm að lengd, og byrjar hann rétt ofan við geirvörtu og 2 cm medíalt við hana og gengur síðan lateralt og upp á við og endar rétt neðan við viðbein. Skurður þessi gapir einnig og er allt að 4 cm að breidd, þar sem hann er víðastur. Í botni sársins sér í vöðva, og á svæði inn að rifbeinum. 4.5 cm neðan við þennan skurð er annar skurður 11 cm að lengd, liggur niður á við og niður í kviðarhol, og út um hann liggja garnarlykkjur og hluti af omentum majus. Á milli beggja skurðanna er grunn húðrispa. Fast undir hægri rifjaboga, í fremri axillarlínu er 1.7 cm langt stungusár í vertical línu. 1 cm fyrir neðan úlnlið, radíalt yfir fyrsta metatarsal beini er grunnur skurður, sem rétt nær í gegnum húð og er 2 cm að lengd. Á vinstra handarbaki 2 cm neðan við úlnlið og nokkurn veginn á miðju handarbaki er 1.6 cm langur, grunnur, skástæður skurður. Augu eru brostin. Sjáöldur eru jafnvíð, meðalvíð og hringlaga. Augnhvítur eðlilegar. Í munni eru gervitennur í efri góm, en engar tennur í neðri góm.

Brjóst- og kviðarhol opnað: Þegar húð og subcutis er flett frá brjóstvegg, kemur í ljós, að sárið á brjóstvegg, sem lýst var, gengur inn á milli 4. og 5. rifs og er þar 6 cm langt. Í vinstra brjóstholi er aðeins blóðslikja, en ekki það mikið blóð, að það sé mælanlegt. Í hægri brjóstholi eru samvextir yfir lobus

superior og lobus medius, en enginn vökvi. Í kviðarholi eru tæplega 100 ml af blóði. Við athugun á líffærum in situ sést, að neðst undir sárinu vinstra megin á kvið er stungusár inn í colon transversum, og nær það rétt út um bakvegg á colon transversum líka, og er þar hematoma. Innstungusár á framvegg er 1.5 cm, en sár á bakvegg 1 cm. Við athugun á lifur sést, að stungusár undir hægri rifjaboga hefur farið í gegnum hægri lobus lifrar rétt fyrir ofan lifrarrönd, og eru bæði innop og útop á sárinu 2 cm að lengd. Hnífstungan hefur síðan haldið áfram í gegnum efri pól á hægri nýra og aftur í bak og gengur þar 3 cm inn í bakvegg á móts við 2. lumbal lið. Þegar hálslíffæri eru tekin út, kemur í ljós, að skurðurinn á hálsinum, sem lýst var, hefur gengið vinstra megin fyrir ofan larynx og í gegnum hypopharynx og allt inn í liðbönd framan á 3. og 4. hálslið vinstra megin.“

Niðurstaða skýrslunnar er þessi:

„Við krufninguna fundust skurð- og stunguáverkar á hálsi, thorax og abdomen (sjá lýsingu að framan), og mun skurðsárið á hálsi hafa valdið dauða mannsins á mjög skömmum tíma.

Samkvæmt niðurstöðum réttarefnafræðilegs mats hefur maðurinn verið mjög ölvaður, er hann lést.“

Í skýrslunni kemur fram, að alkohol í blóði Svavars mældist 2.67‰, en í þvagi 3.80‰.

Að tilhlutan lögreglunnar var ákærða tekið blóðsýni kl. 2356 að kvöldi sunnudagsins, og reyndist alkohol í því 2.25‰ skv. vottorði Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði.

Í blóðsýni, sem tekið var úr Lóu Fanneyju Valdimarsdóttur kl. 0110, reyndist alkohol 1.24‰.

II. Ákærði hefur við meðferð máls þessa játað það afdráttarlaust, að hann hafi orðið Svavari Sigurðssyni að bana með því að leggja til hans með hnífi í kviðarhol og skera hann á háls að því búnu. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um verk þetta og aðdraganda þess:

Ákærði, sem er einhleypur, fluttist snemma í mars sl. í íbúð á 3. hæð hússins Hverfisgötu 34. Íbúð þessi er stofa og eldhús. Á sömu hæð er önnur íbúð, 4 íbúðarherbergi, eldhús og geymsluherbergi. Í þeirri íbúð bjuggu þau Svavar Sigurðsson strætisvagnstjóri, fæddur 12. nóv. 1922, og Lóa Fanney Valdimarsdóttir, fædd 6. nóv. 1919. Eitt baðherbergi er á hæðinni, og var það sameiginlegt fyrir báðar íbúðirnar.

Ákærði kom heim til sín aðfaranótt 1. apríl um kl. 2 að hann sjálfur telur og í för með honum Margrét Hermannsdóttir, Vest-

urbraut 24, Hafnarfirði. Þau höfðu um kvöldið verið að skemmta sér á Hótel Borg, og voru bæði undir áhrifum áfengis. Þá um nóttina komu þau einnig heim í íbúð sína Svavar Sigurðsson og Lóa Fanney Valdimarsdóttir, er verið höfðu á Hótel Esju og voru við skál. Virðast þau hafa komið heim nokkru síðar en ákærði og Margrét. Samkvæmt vætti Lóu Fanneyjar fékk Svavar sér áfengi í glas, er heim kom. Hún kveðst hafa farið fram á snyrtiherbergið, hitt þá ákærða af hendingu og nokkur orðaskipti orðið milli þeirra. Þá hafi Svavar komið að og tekið að brigsla þeim um, að þau hefðu átt stefnumót þarna. Er framburður ákærða í samræmi við vætti Lóu Fanneyjar að þessu leyti. Ekki fór þeim þarna fleira á milli, og fór Lóa Fanney inn til sín og háttaði, og það gerði Svavar einnig skömmu síðar. Ákærði fór inn í sína íbúð, þar sem Margrét var fyrir, og sátu þau þarna það sem lifði nætur, en sofnuðu ekki. Um morguninn segist ákærði hafa farið fram á snyrtiherbergi. Þá hafi Svavar komið fram og þeir tekið tal saman. Svavar hafi spurt hann, hvort hann ætti áfengi. Varð það úr, að ákærði fór yfir í stofu til Svavars og tók með sér vermóðflösku, er þeir tóku að drekka saman. Lóa Fanney kom svo inn til þeirra, er hún var komin á fætur. Þegar búið var úr flöskunni, náði ákærði í aðra flösku inn til sín. Ákærði fór svo út á knattborðsstofuna á Klapparstíg 26 til þess að kaupa tóbak. Þar hitti hann Engilbert Jensen hljómlistarmann, og ákváðu þeir að taka billiard saman. Ákærði brá sér heim með tóbaksvörurnar, en kom svo aftur, og léku þeir Engilbert saman um hríð. Fóru þeir síðan báðir að Hverfisgötu 34, og stóð Engilbert nokkuð við í íbúð ákærða. Hann virðist einnig hafa komið inn í íbúð Lóu og Svavars. Samkvæmt framburði ákærða var það um hádegisbil sem þeir Engilbert voru að spila saman, og kemur það heim við vætti Björns Halldórssonar, starfsmanns knattborðsstofunnar. Enn fremur samræmist það vætti Lóu Fanneyjar. Engilbert telur það aftur á móti hafa verið einhvern tíma síðdegis sem hann hitti ákærða, en ekki um hádegisbil. Hann kveðst þó ekki treysta sér til þess að tímasetja atburði nákvæmlega, enda verið allölvaður. Margrét Hermansdóttir telur einnig, að það hafi verið um kl. þrjú til hálfþjögur sem Engilbert kom í för með ákærða.

Um það, sem gerðist, eftir að Engilbert fór, eru þau nú þrjú til frásagnar, ákærði, Lóa Fanney og Margrét.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi verið ásamt Svavari og Lóu Fanneyju inni í stofu þeirra. Þau hafi bæði verið ölvuð og

verið að rífast. Lóa Fanney hafi þá sagt við Svavar, að hún vildi, að hún gæti drepist hann. Svavar hafi þá ýtt við hníf, sem legið hafi á sóffaborðinu, og sagt: „Gerðu það þá“ eða eitthvað á þá leið. Lóa Fanney hafi svarað því til, að það gæti hún aldrei gert. Svavar hafi þá farið fram í eldhúsið og komið síðan aftur í dyrnar og ávarpað ákærða: „En þú ungi maður, hefur þú kjark til að drepa mig?“ Hann hafi horft einkennilegum augum á ákærða, er hann mælti þetta. Ákærði segir, að þá hafi verið eins og eitthvað lokaðist fyrir sér og næst muni hann eftir því, er hann stendur fyrir framan Svavar í eldhúsinu og hefur hnífinn í hendi sér. Síðan kveðst hann hafa lagt hnífnum í kvið Svavari og rist upp úr. Svavar hafi lotið áfram og síðan fallið á gólfið. Hann hafi sagt: „Þetta er búið, gakktu alveg frá mér.“ Þá kveðst ákærði hafa lotið niður að Svavari og skorið hann á háls. Ákærði man ekki, hvort hann stakk Svavar oftari en einu sinni eða hvort hann skar hann fleiri en einn skurð á háls, en segir, að ljóst sé, að þeir áverkar, sem reyndust á Svavari, hljóti að vera af hans völdum. Ákærði kveðst nú hafa verið farinn að átta sig á því, hvað gerst hafði. Hann hafi þvegið sér um hendur og kastað hnífnum í gólfið. Síðan hafi hann farið yfir í íbúð sína, þar sem þær Margrét og Lóa hafi verið, og tjáð þeim tíðindin. Þær hafi síðan komið yfir í eldhús, þar sem lík Svavars lá, og séð það.

Vitnið Lóa Fanney Valdimarsdóttir skýrir svo frá, að síðdegis, eftir að gestur ákærða (Engilbert) var farinn, hafi þau ákærði, Svavar og hún setið þrjú saman inni í stofu í íbúð þeirra, en Margrét hafi þá verið inni í íbúð ákærða. Þegar hér var komið, telur Lóa, að klukkan hafi verið yfir fimm. Hún segir, að ekki hafi verið um neinar illdeilur að ræða milli ákærða og Svavars, en Svavar hafi verið eitthvað æstur og grimmdarlegur á svipinn. Hann hafi haldið áfram að dylgja með það, að hún héldi fram hjá honum. Hann hafi síðan ýtt við hníf, sem lá á sóffaborðinu, og spurt, hvort hún vildi ekki stinga hann, en hún kveðst hafa svarað því til, að það gerði hún aldrei. Svavar hafi nú farið fram í eldhús, en komið síðan aftur og þá mælt til ákærða eitthvað á þessa leið: „En þú strákhvolpur (eða strákur), þorir þú því?“ Ákærði hafi þá staðið upp og svarað spurningu Svavars játandi, tekið hnífinn og farið á eftir Svavari fram í eldhús. Kveðst Lóa hafa séð það síðast til þeirra, er þeir stóðu hvor andspænis öðrum á eldhúsgólfinu og ákærði hélt á hnífnum og beindi honum að Svavari. Lóa kveðst hafa orðið hrædd og farið

yfir í íbúð ákærða til Margrétar og sagt henni, að ákærði ætlaði að ganga frá Svavari. Þær hafi síðan heyrt vein og stuttu síðar hafi ákærði komið og sagt: „Þetta er búið.“ Lóa kveðst hafa farið með ákærða yfir í íbúðina og séð Svavar, þar sem hann lá í blóði sínu á eldhúsgólfinu.

Er ummæli þau, sem Lóa kveður Svavar hafa viðhaft við ákærða, voru borin undir ákærða, kvað hann vel mega vera, að Svavar hefði notað orðið „strákhvolpur“, er hann ávarpaði ákærða.

Vitnið Margrét Hermannsdóttir segir, að síðdegis, eða um kl. 1430, hafi Lóa komið yfir í íbúðina til ákærða og verið sár út í Svavar og sagt, að hann væri að brigsla sér um að hún héldi við ákærða. Við þetta hafi ákærði orðið æstur og talað um að fara og ganga frá Svavari. Hann hafi haft við orð, að endirinn yrði sá, að hann dræpi Svavar, ef hann berði Lóu oftár. Margrét kveðst hafa reynt að róa ákærða. Ákærði hafi nú farið yfir til Svavars og Lóa á eftir honum. Sjálf kveðst Margrét hafa haldið kyrru fyrir í íbúð ákærða. Margrét kveðst hafa verið þreytt og syfjuð og legið út af. Svavar hafi nú komið inn og átt orðaskipti við hana, en farið síðan aftur. Hann hafi verið hress og kátur og ekki æstur né dapur. Eftir að Svavar var farinn, hafi ákærði komið aftur og verið nú mjög ölvaður að sjá. Eftir skamma stund hafi Lóa heyrst æpa upp og kalla nafn ákærða og þá hafi hann skundað yfir í hina íbúðina. Nokkru síðar hafi Lóa komið og sagt, að ákærði ætlaði að ganga frá Svavari. Síðan kveðst Lóa hafa heyrt einhvers konar hávaða úr hinni íbúðinni og að Svavar rak upp óp. Nú hafi ákærði komið og skýrt þeim frá því, að hann væri búinn að ganga frá Svavari. Hann hafi fengið Lóu til þess að fara með sér yfir í íbúðina og hafi Lóa komið þaðan aftur í uppnámi og hálfvolandi. Margrét kveðst svo sjálf hafa farið yfir í íbúð Svavars og séð hann liggja í blóði sínu á eldhúsgólfinu. Telur Margrét, að hann hafi þá ekki verið látinn, því hún hafi heyrt frá honum stunu og séð hann hreyfa varirnar. Ákærði segir, að Margrét hafi ekki komið yfir í íbúðina, fyrr en eftir að hann hafi verið búinn að vinna til fulls á Svavari, og sé því öruggt, að Svavar hafi þá verið látinn.

Margrét telur það munu hafa verið milli kl. hálfimm og fimm, sem þessir atburðir urðu.

Í framburði ákærða og þeirra Lóu og Margrétar kemur fram, að eftir þetta hafi það komið til tals milli þeirra að leynd verk-

inu og koma líki Svavars undan. Margrét segir, að ákærði og Lóa hafi í fyrstu verið sammála um þetta og ákærði hafi rætt um að fara brott með líkið í bifreið sinni. Lóa hafi verið sammála honum, en Margrét kveðst hafa andmælt þessu og hvatt ákærða til þess að segja allt af léttu. Ákærða minnir, að hann hafi vakið máls á þessu og Lóa samþykkt eða henni staðið á sama, en Margrét hafi mælt á móti. Lóa kannast ekki við, að hún hafi verið þess hvetjandi að leynd verkinu, en þó hafi hún fyrst samsinnt þessu. Hún kveðst hafa verið miður sín og varla vitað, hvað rétt var eða rangt í þessum efnum. Þar kom tali þeirra að lokum, að ákærði hvarf frá þeirri hugmynd að dylja verknaðinn. Hann fór nú í húsið nr. 32 A við Hverfisgötu, en þar býr Hallgrímur Ingvar Thorlacius, sem ákærði þekkir vel og hafði búið hjá fram til þess tíma, er hann fluttist í húsið nr. 34. Ákærði skýrði Hallgrími frá því, að hann hefði banað Svavari, og lýsti atvikum að verkinu, og samkvæmt vætti Hallgríms hefur frásögn ákærða verið í aðalatriðum í samræmi við það, sem fram hefur komið í framburði ákærða og vitnanna í máli þessu, svo sem lýst hefur verið hér að framan. Hallgrímur kveðst hafa tekið frásögn ákærða trúanlega. Ákærði fékk léðan síma hjá Hallgrími, og þaðan hringdi hann í móðurbróður sinn, Kristján Dúa Sigurjónsson, þá í móður sína, Fjólu Sigurjónsdóttur, og einnig til Hákonar Elíasar Kristjánssonar, en hjá honum hefur ákærði starfað um árabil. Ákærði skýrði þeim öllum frá því, að hann hefði drepið Svavar Sigurðsson, en svo er að sjá, að ekkert þeirra hafi tekið mark á sögu ákærða, en haldið hana drykkjuóra. Símtöl þessi fóru fram milli kl. 18 og 19 samkvæmt framburði ákærða og vitna. Eftir beiðni ákærða hringdi Hallgrímur í leigubíl, og í honum fór ákærði heim til móður sinnar, sem býr á Njálsgötu 52. Ökumaðurinn, Jóhannes Sigfússon, minnst þess, að útvarpið var opið, meðan á ökuferðinni stóð, og í því voru einhverjar ísfréttir. Ákærði kveðst hafa staðið við hjá móður sinni nokkra stund, en síðan hafi systir hans ekið honum aftur niður á Hverfisgötu og skilið við hann utan við húsið. Ákærði fór svo inn, þar sem þær voru fyrir Margrét og Lóa. Áður en ákærði fór, hafði hann skipt um föt og beðið Margréti að taka til föt, sem hann þyrfti að hafa með sér í fangelsið. Margrét var búin að láta fatnað í plastpoka, er hann kom aftur.

Eftir skamma dvöl í íbúð sinni fór ákærði aftur út til Hallgríms og hringdi þaðan á ný til Kristjáns Dúa og Hákonar.

Ákærði segir, að sér hafi skilist á þeim, að þeir tryðu honum ekki enn. Ákærði segist hafa rætt um það við Hallgrím, að hann ætlaði sér að gefa sig fram við lögregluna, en fyrst mundi hann tala við þær Lóu og Margréti nánar. Eitthvað hafi þeir rætt um símanúmer hjá rannsóknarlögreglu. Síðan kveðst ákærði hafa farið á ný í íbúð sína og verið þar, uns lögregluþjónar kvöddu dyra. Telur ákærði sig hafa verið nýkominn inn til sín, er þeir komu á staðinn, en ljóst er þó, að nokkur tími hlýtur að hafa liðið, frá því ákærði fór frá Hallgrími og þar til lögreglan var komin að Hverfisgötu 34.

Hallgrímur telur, að ákærði hafi komið til hans öðru sinni um kl. átta um kvöldið og hringt þaðan til Kristjáns Dúa og Hákonar. Hann hafi þá verið með ráðagerðir um að leyna verkinu og fela líkið og væri þetta uppástunga sambýliskonu Svavars. Hallgrímur kveðst hafa reynt að koma vitinu fyrir ákærða og hafi hann loks sagt, að hann ætlaði heim og ræða málið við Margréti og Lóu og mundi hann síðan koma aftur. Hann hafi síðan farið. Hallgrímur kveðst ekki hafa gert lögreglunni viðvart, enda ætlast til, að ákærði gerði það sjálfur. Þegar ákærði kom ekki aftur, hringdi Hallgrímur síðan til Hákonar Elíasar Kristjánssonar og bað hann að koma og taka með sér lögreglu. Hallgrímur telur það símtal hafa farið fram um kl. hálf tíu.

Hallgrímur segir, að eftir síðara símtal sitt við Hákon hafi ákærði sest við símann, gripið um höfuð sér og hágrátið.

Kristján Dúi Sigurjónsson segir, að fyrra símtal þeirra ákærða hafi farið fram upp úr kl. sex og hið síðara ekki löngu síðar, en treystir sér ekki til nákvæmari tímasetningar. Hann kveðst hafa haldið tal ákærða hugaróra. Hann kveðst eftir síðara símtal þeirra hafa hringt til Hákonar og hafi sú orðið niðurstaðan af tali þeirra, að ekki væri ástæða til þess að taka tal ákærða alvarlega. Kveðst Kristján Dúi því engar ráðstafanir hafa gert.

Hákon Elías Kristjánsson segir, að ákærði hafi fyrst hringt til sín um kl. hálf sjö. Hann hafi þá skýrt svo frá, að hann hefði drepið mann, en Hákon segir, að sér hafi fundist ákærði eitthvað undarlegur í tali og ekki hafa tekið orð hans bókstaflega. Getur Hákon þess, að ákærði hafi áður hringt til hans drukkinn og sagt þá ýmislegt, sem ekki hafi staðist. Hákon kveðst hafa bent ákærða á að hringja til lögreglu. Ákærði hafi svo hringt öðru sinni um níuleytið og sagt, að hann ætlaði að fara að ráðum hans og hringja í lögreglu. Í þessu símtali hafi ákærði lýst nánar atvikum að því, að hann réð Svavari bana. Hákon kveðst

hafa ákveðið að símtali þessu loknu að snúa sér til lögreglunnar. Áður en hann væri farinn út, hafi Hallgrímur Thorlacius hringt og beðið hann að koma. Eftir þetta kveðst Hákon hafa ekið niður í miðborg og leitað til lögreglunnar.

Hákoni og Hallgrími ber ekki saman um tímasetningu síðara samtals ákærða við Hákon, þar sem Hallgrímur telur, að alllangur tími (1—1½ klst.) hafi liðið frá því, þar til hann sjálfur hringdi til Hákonar, en Hákon telur Hallgrím hafa hringt skömmu eftir að símtali hans og ákærða lauk.

Ákærði kveðst enga grein geta gert fyrir því, hvað sér hafi gengið til verksins eða hvaða hvatir leiddu til þess. Hann segir, að sér sé þetta óljóst með öllu og hann hafi ekki átt að neinu leyti sökótt við Svavar. Hann hafi ekkert þekkt Svavar, er hann fluttist í íbúðina á Hverfisgötu 34, og kynni þeirra hafi lítil orðið á þeim tíma, sem þeir áttu þar báðir heima.

III. Að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins rannsakaði Ásgeir Karlsson geðlæknir geðheilsu ákærða, og lýsir hann rannsókn sinni í rækilegri skýrslu, dags. 11. júní sl. Í skýrslu sinni rekur læknirinn æviferil ákærða og lýsir högum hans. Þá er grein gerð fyrir prófum, sem lögð voru fyrir ákærða, og skoðun á honum. Niðurstöður sínar dregur læknirinn saman á þessa leið:

„ . . . Þráinn Hleinar Kristjánsson er ekki haldinn geðveiki (psychosis), geðvillu (psychopathia) né fávitahætti (mental retardation). Heldur er hann haldinn persónuleikatrufun (personality disorder, 301.80), kominn vel yfir byrjunarstig ofdrykkju (alcoholismus, 303.1) og kvíða-taugaveiklun (anxiety neurosis, 300.0). Persónuleikatrufun Þráins virðist mega m. a. rekja til rötleysis og aðhaldsleysis í bernsku. Þetta tvennt leiddi m. a. til lélegs námsárangurs í barnaskóla, og síðan hefur Þráinn alið með sér stöðuga minnimáttarkennd gagnvart öllu námi, en í eðli sínu er hann framagjarn og hefur vissa þörf fyrir að skara fram úr. Í stað þess að takast á við vandamálið, reyna að bæta sér upp menntunarskort sinn, virðist hann hins vegar hafa reynt að bæta sér þennan vankant upp með hressilegri, en yfirborðslegri hegðun í félagsskap við aðra svo og reynt að sýna af sér vissan dugnað og skara fram úr á vinnustöðum. Jafnframt virðist hann hafa átt erfitt með að mynda dýpri tilfinningaleg tengsl og varanleg við annað fólk sökum minnimáttarkenndar sinnar. Hann virðist því hafa leiðst allsnemma út í ofnotkun áfengis sökum öryggisleysis í félagslegum samskiptum. Síðar meir virðast viss taugaveiklunareinkenni hafa komið fram bæði sem orsök

og afleiðing vaxandi drykkju. Þráinn hefur hins vegar marga jákvæða eiginleika, sem hann virðist hafa getað notfært sér, þannig virðist hann hafa án tilstuðlan annarra reynt að gera vissar jákvæðar breytingar á sínu lífi, svo sem að reyna að draga úr drykkjuskap sínum og gera sér far um að umgangast fólk, án þess að hann væri undir áhrifum áfengis. Það virðist sem Þráinn hafi gert sér far um að koma fram af heiðarleika gagnvart öðrum, bætt sjálfviljugur það tjón, er hann olli öðrum undir áhrifum áfengis, og hafa allsterka réttlætiskennnd.

Viðbrögð Þráins hinn 1. apríl síðastliðinn verða að mörgu leyti skiljanleg, ef haft er í huga, hversu mikið hann þarf að sýnast, duga, og þora að gera hluti, til þess að bæla niður minnimáttarkennd sína. Dómgreind hans var ennfremur skert af svefnleysi og drykkju. Setning sú, sem samkvæmt málsskjölum virðist hafa orðið kveikjan að viðbrögðum hans, fól í sér ásökun um ódugnað og heigulshátt. Innihald ræðunnar var áskorun, hann varð að sýnast og geta. Ætla má, að viðbrögð hans hefðu orðið önnur, ef skipun eða beiðni hefði falizt í innihaldi ræðunnar.

Ætla má, að Þráinn Hleinar Kristjánsson geti notfært sér geðlæknismeðferð í formi sálæknningar (psychotherapy) til þess að ráða bót á vandamálum sínum, ef unnt væri að ná góðri samvinnu við hann.

Þráinn Hleinar Kristjánsson telst sakhæfur.“

Ákærði hefur einu sinni (1972) verið dæmdur í refsingu fyrir ölvun við akstur og fimm sinnum sæst á greiðslu smáseкта.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er sannað, að ákærði réð Svavari Sigurðssyni bana með því að leggja til hans með hnifi og skera hann á háls að því búnu. Hefur ákærði þannig unnið til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga.

Óljóst er, hvaða hvatir leiddu ákærða til verksins, en ásetningur ákærða til þess hefur sennilega ekki myndast fyrr en Svavar ögraði honum, svo sem lýst er að framan, sbr. einnig ummæli Ásgeirs Karlssonar í niðurstöðu skýrslu hans, er áður var vitnað til. Refsilækkunarástæður þær, sem greindar eru í 74. gr. alm. hegningarlaga koma hér ekki til álita, nema hvað ákærði hefur skýrt hreinskilnislega frá atvikum að broti sínu (9. tl. 74. gr.). Ekki verður talið, að aðstæður að brotinu hafi verið þær, sem 75. gr. alm. hegningarlaga tilgreinir.

Refsing ákærða verður ákveðin 16 ára fangelsi.

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 2. apríl og hefur verið í gæslu síðan. Er rétt skv. 76. gr. alm. hegningarlaga, að vist þessi skuli dregin frá refsingu hans.

Ákærði verður dæmdur til að greiða kostnað af sökinni, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 300.000 kr., svo og málssóknarlaun til ríkissjóðs, 300.000 kr., en Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari fór með málið sem sækjandi.

Dómsorð:

Ákærði, Þráinn Hleinar Kristjánsson, sæti fangelsi 16 ár. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, 196 dagar.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 300.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Mánudaginn 4. maí 1981.

Nr. 221/1979. Nesco h/f

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Neytendasamtökunum

(Benedikt Sveinsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jóns-son og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi fyrst til Hæstaréttar 13. mars 1979 (hæstaréttarmál nr. 51/1979), en útivistardómur gekk í því máli 3. desember 1979. Áfrýjað var á ný 31. desember s. á. Dómkröfur áfrýjanda eru, að fréttatilkynning frá stefnda, Neytendasamtökunum, 13. október 1977 verði